

anum í Hafnarfirði, svo sem til íþróttá, bóka- og áhaldakaupa og til ferðalaga **1**  
nemenda með kennurum innanlands í menntunarskyni, og ennfremur má <sup>23. marz</sup>  
styrkja fátæka nemendur úr Gullbringusýslu og úr Kjósarsýslu.

Aldei má verja fé sjóðsins til útgjalda, sem greiða skal lögum samkvæmt  
af opinberu fé.

#### 4. gr.

Meðan ekki er reist hús handa gagnfræðaskólanum í Hafnarfirði sam-  
kvæmt gagnfræðaskólalögnum, skal skólinn hafa ókeypis til afnota kennslu-  
stofur Flensborgareignarinnar eins og þær eru nú.

#### 5. gr.

Stofnunarskrá fyrir alþýðuskóla í Flensborg, 18. febrúar 1878, og reglu-  
gerð fyrir alþýðuskólann og gagnfræðaskólann í Flensborg, 21. júlí 1882, eru  
felldar úr gildi.

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um að prests- **2****  
**setur Mýrdalsþingaprestakalls í Vestur-Skaftafellsprófastdæmi skuli <sup>30. marz</sup>**  
**framvegis vera í Vík í Mýrdal.**

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 16. f. m., er fylgdi  
bréf sóknarprestisins í Mýrdalsþingaprestakalli, síra Þorvarðar Þorvarðarson-  
ar, dags. 21. jan. s. l., með 12 fylgiskjölum, þar sem farið er fram á, að ráðu-  
neytið heimili að sóknarpresturinn sitji framvegis í Víkurkaupþúni, skal yður  
hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að ráðu-  
neytið hefir samkvæmt ósk allra sókna prestakallsins og tillögum yðar, ákveðið  
að prestsetur Mýrdalsþingaprestakalls í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi verði  
framvegis í Vík í Mýrdal.